



# Ársskýrsla 2008

## Landgræðsla ríkisins





## Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	4
Landgræðsla ríkisins	6
Úr landgræðslustarfinu	8
Landgræðslufélögin	10
Hugmyndasamkeppni Landgræðslunnar	10
Stefna Landgræðslu ríkisins	11
Rannsóknir	12
Starfsfólk Landgræðslunnar	13

## Ársskýrsla Landgræðslu ríkisins 2008

Útgefandi: Landgræðsla ríkisins, maí 2009.

Verkefnisnefnd: Jón Ragnar Björnsson, formaður, Kristinn Garðarsson og Þórunn Pétursdóttir.

Ljósmyndir: Anne Bau (AB), Jón Ragnar Björnsson (JRB), Myndasafn Landgræðslunnar (ML), Sigprúður Jónsdóttir (SJ).

Forsíðumynd: Skógey í Hornafirði. Ljósmyndari Magnús Reynir Jónsson.

Afritun og notkun á efni skýrslunnar er heimil. Geta skal heimildar.



## Fylgt úr hlaði



Ráðherra umhverfismála, Þórunn Sveinbjarnardóttir, sótti Gunnarsholt heim ásamt starfsmönnum ráðuneytisins. Hér eru gestirnir á „stofugangi“ í leiðsögn Sveins Runólfssonar. F.v. Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, Anna Kristín Ólafsdóttir, aðstoðarkona umhverfisráðherra, Guðmundur Halldórsson, rannsóknastjóri og Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra. JRB.

### Tíðarfar

Árið 2008 var veðurfarslega ekki ósvipað árinu 2007, mildur vetur og snjóléttur, síðan mjög þurr sumar, en haustið og veturinn úrkomusamt. Þurrkarnir drógu úr grósku gróðurs og gróðurframvindu en

sem betur fer voru rok fátíð á þessu þurrkatímabili.

### Landgræðslan til umhverfisráðuneytis

Um áramótin 2007/2008 var Landgræðsla ríkisins flutt í stjórnarráðinu frá land-

búnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis, samfara ýmsum breytingum í stjórnskipan ráðuneyta. Landgræðslunni og starfsfólki hennar var afar vel tekið í nýju ráðuneyti og hefur samstarfið við starfsfólk ráðuneytisins gengið mjög vel. Fjárveitingar til þriggja málaflokka voru þó skildar eftir tímabundið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og er það ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um Einfeldara Ísland. Samskiptin við fyrra ráðuneyti okkar varðandi forræði á landi í umsjá Landgræðslunnar eru mikil og góð, en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með forræði allra jarða í eigu ríkisins.

### Í ólgusjó hruns og kreppu

Landgræðslufólk eins og aðrir landsmenn minnst sl. árs fyrir hrun bankakerfisins okkar með tilheyrandi kreppu í fjármálum, atvinnuleysi og nokkrum flóttu atgerfifólks úr landi. Á fyrri hluta ársins varð gríðarleg hækkun heimsmarkaðsverðs á áburði og miklar hækkanir á ýmsum rekstrarvörum fyrir landgræðslustarfið þ.á.m. eldsneyti og orku. Fyrir atbeina umhverfisráðuneytis og velvilja fjármálaráðuneytis fékkst þó fjárhagsleg aðstoð til að mæta þessum hækkunum á áburði en Landgræðslan varð að mæta öðrum verðhækkunum með enn einni hagræðingunni í rekstri og samdrætti í framkvæmdum.

### Ögrandi verkefni

Gjörbreyttar aðstæður í þjóðarbúskapnum kalla á mótun markvissari stefnu í umhverfis- og landbúnaðarmálum Íslendinga



Tilbúinn áburður er veigamikill þáttur í endurheimt landkosta. Félagar í Landgræðslufélagi Biskupstungna undirbúa áburðardreifingu á Biskupstungnafrétti. JRB.



### Stefna Landgræðslunnar

Starfsfólk Landgræðslunnar vann að stefnumótun fyrir Landgræðsluna og tók ný stefna 2008 - 2020 gildi á árinu. Hún er birt í ritinu Auðlindir, arfleifð og lífsgæði. Auk þess er hún birt á vef Landgræðslunnar land.is

Hægt er að nálgast ritið hjá Landgræðslunni.

til næstu ára. Brynt er að samhæfa og einfalda aðkomu ríkisvaldsins að verndun auðlinda landsins og endurheimt landkosta. Þetta verkefni biður vinnufúsra starfsmanna stofnana ríkisins, áhugamannafélaga og forráðamanna bænda og annarra landnotenda sem eiga eða nýta nær allt landið okkar. Flestum sem að þessu verki koma má vera ljóst að farsæl lausn fæst ekki nema að greina samhliða

alþjóðlega þætti sem gætu haft afgerandi áhrif á landnýtingu á Íslandi í framtíðinni. Meðal þeirra er fæðuöryggi jarðarbúa. Matvælamarkaðir heimsins eru samofnir. Það erfiða verkefni að tryggja næg matvæli fyrir stöðugt fleiri jarðarbúa mun hafa mikil áhrif á Íslenskan landbúnað á næstu árum og áratugum. Frjótt og aðgengilegt land til matvælaframleiðslu hér á landi verður stöðugt mikilvægara, en heilðræn stefna um leiðir til að bæta landkosti á Íslandi er enn ekki til staðar.

Umhverfisáhrif landbúnaðar eru mikil á heimsvísu, meiri en nokkurra annarra þátta, og Ísland er þar engin undantekning. Sjálfbær nýting lands og umfangsmeiri landbætur eru forsendur þess að unnt sé að tryggja næga landkosti fyrir komandi kynslóðir.

Umræðan á alþjóða vettvangi beinist nú æ meir að því, að brynasta verkefni okkar tíma sé að tryggja mannkyninu nægt framboð matvæla til framtíðar, jafnvel mikilvægari en að takast á við loftslagsvandann. Auk þess er nauðsynlegt að nota öll tiltæk ráð til að skila aftur til jarðar, bundið í gróður og ekki síst jarðveg, hluta af því kolefni sem sloppið hefur út í andrúmsloftið vegna landhnignunar og bruna jarðefnaeldsneytis.




Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri. JRB.

Landgræðslufólk gekk götuna á árinu 2008 til góðs, en framundan eru ögrandi verkefni við gjörbreyttar aðstæður, ekki síst fjárhagslega. Þær kalla á enn frekari samheldni og samstarf við alla landsmenn til að bæta landið okkar fyrir komandi kynslóðir, hér heima og erlendis.

GRÆÐUM ÍSLAND  
Sveinn Runólfsson  
Landgræðslustjóri.

## Landgræðsla ríkisins



Útgjöld Landgræðslunnar árið 2007

### Fjárhagur og mannaflí árið 2008

Fjárveitingar ríkisins til Landgræðslunnar voru 536.500 milljónir kr. samanborið við 550.900 millj. kr. árið 2007. Sértekjur námu 305.652 millj. kr. Hafa ber í huga að í sértekjum eru greiðslur til BGL-verkefnisins að upphæð 45 millj. kr., til fyrirhleðslna 67,8 millj. kr. og til landþurrkunar 4,5 millj. kr. Þessum fjárveitingum var haldið eftir í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, þegar Landgræðslan var flutt til umhverfisráðuneytisins. Þær voru því bókaðar sem sértekjur.

Alls störfuðu 87 manns hjá Landgræðslunni á árinu, margir í hlutastörfum. Ársverk hjá stofnuninni voru 60.

### Framkvæmdir

Landgræðslan fékk til umráða húsakost Akurhóls, þar sem áður var rekið vistheimili fyrir drykkjumenn. Tvö íbúðarhús á Akurhóli voru gerð upp. Í hvoru húsi eru fimm herbergi auk eldunaraðstöðu og setustofu.



Íbúðarhúsin á Akurhóli. JRB.

Húsin verða nýtt fyrir nemendur Landgræðsluskólans og aðra, sem dveljast tímabundið í Gunnarsholti.

Hafin var bygging tveggja plast gróðurhúsa, sem ætluð eru til rannsókna.

Rannsóknastofan var stækkuð og þar með sköpuð betri aðstaða til kolefnisrannsókna.

Átak var gert í fræðúðunarsal og settur upp loftskiptibúnaður sem lágmarkar rykmengun.

### Sumarvinna ungs fólks

Að venju var ungt fólk í sumarvinnu í Gunnarsholti við ýmis störf, plöntun, áburðargjöf og fleira sem til féll.

Hópur, sem starfaði hjá Landsvirkjun, vann í vikutíma við gróðursetningu og áburðargjöf í Gunnarsholti. Á haustmánuðum kom rösk sveit menntaskólanema frá Menntaskólanum að Laugarvatni og tók að sér niðurrif gamla girðinga. Því verkefni var skilað með sóma, en þetta var fjáröflun fyrir nemendafélag menntaskólans.

Nemendur grunnskólanna á Hellu og Hvolsvelli söfnuðu baunagrasfræi á Háfsfjöru og Hallgeirseyjarfjöru og fengu fræðslu um landgræðslu í leiðinni.

### Margir rekstrarliðir hækka

Mest hækkaði áburður í verði, en stórir rekstrarliðir eins og eldsneyti, girðingar efni, grasfræ og verktakakostnaður hækkuðu einnig mikið.

Viðbótar fjárveitingar fengust á árinu til að mæta áburðarverðshækkunum. Gert er ráð fyrir að árið 2008 hafi verið unnið að uppgræðslu á um 14.400 ha en tæpum 17.000 ha árið 2007.

Landgræðslan notaði hæsnaskít til uppgræðslu með góðum árangri. Borið var á spildur á Bakkafjöru í Landeyjum, sanda austan Þorlákshafnar og á Geitasand á Rangárvöllum.

### Fræktrar

Engin kornrækt var stunduð á vegum Landgræðslunnar. Akrar, þurrkunarbúnaður og geymslusíló voru leigð bændum til byggæktunar.

### Héraðssetur

Starfssemi héraðssetrana var með svipuðu sniði og áður. Setrin sinna öllum landgræðslutengdum verkefnum innan síns starfssvæðis og hefur verkefnum innan þeirra fjölgað jafnt og þétt síðustu árin. Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi innan þeirra. Þó fjölgaði um einn starfsmann á héraðssetrinu á Hvanneyri og þar sem ekki hafði tekist að manna héraðssetrið á Klaustri var ákveðið að leggja það tímabundið af og sinna starfssvæði þess frá Gunnarsholti og Höfn.



Viðbót við rannsóknáðstöðu vígð. JRB.

Bændur græða landið, BGL		Virkir þátttakendur		Áburður		Fræ	
Héraðssetur	Þátttakendur	Fjöldi	%	Tonn	á virkan þátt.	kg	á virkan þátt.
Suðurland	167	147	88	268	1,8	2.530	17,2
Vesturland	142	134	94	238	1,8	240	1,8
Norðvesturland	131	126	96	244	1,9	2.450	19,4
Norðausturland	126	115	91	367	3,2	3.753	32,6
Austurland	77	65	84	129	2,0	1.000	15,4
<b>Samtals</b>	<b>643</b>	<b>587</b>	<b>91</b>	<b>1.246</b>	<b>2,1</b>	<b>9.973</b>	<b>17,0</b>

og tveir bættust við.

### Bændur Græða Landið (BGL)

BGL verkefnið er samstarfsvettvangur bænda og Landgræðslunnar um uppgræðslu heimalanda. Það hefur nú verið í gangi í 18 ár og sýnt sig að vera árangursríkt í alla staði. Landgræðslan lítur á BGL samstarfið sem eitt af sínum lykilverkefnum og þrátt fyrir miklar hækkunar á áburðarverði í upphafi árs ákvað stofnunin engu að síður að leggja allt kapp á að halda sama hlutfalli endurgreiðslu til BGL þátttakanda og áður. Endurgreiðslan var því hækkuð úr 22.500 kr./t í 42.400 kr./t. Það var mikið ánægjuefni að þátttaka í verkefninu

sumarið 2008 var með besta móti því aðeins um 9% skráðra þátttakenda sátu hjá. Alls tóku 587 af 643 skráðum aðilum þátt í BGL. Þeir dreifðu 1.246 tonnum af áburði og tæplega 10 tonnum af fræi. Hver þátttakandi dreifði að meðaltali um 2 tonnum af áburði og 17 kg af fræi.

### Gæðastýring í hrossarækt

Nú eru 46 þátttakendur í þessu verkefni, flestir á Norður- og Suðurlandi. Allir sem með voru árið 2007 héldu áfram þátttöku

Félag hrossabænda kom þessu verkefni á fót árið 2000 og síðan hefur formlegt samstarf verið milli félagsins og Landgræðslunnar um bættu beitarmenningu hrossabænda.

### BGL dagar á Suður- og Vesturlandi

Í byrjun hausts voru haldnir svokallaðir BGL dagar á Suður- og Vesturlandi. Markmið þeirra er að skapa vettvang fyrir BGL bændur, starfsmenn Landgræðslunnar og aðra áhugasama um vistheimt raskaðra vistkerfa til að hittast og heyrja hvað er nýjast í fræðunum en ekki síður að miðla eigin reynslu af uppgræðslustarfinu. Dagskráin var fjölbreytt í báðum tilfellum og mál manna að þar hafi verið framreidd hæfileg blanda fagþekkingar og beinnar reynslu. Góð þátttaka var á BGL dögnum; um 30 manns mættu í



BGL uppgræðsluvæði í Fossnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. SJ.

Varnir gegn Landbroti, VGL	Verkefni	
	Alls	Lokið
Vesturland og Vestfirðir	7	6
Norðurland vestra	12	7
Norðurland eystra	26	24
Austurland	4	1
Skaftafellssýslur	9	7
Árnes- og Rangárvallas.	10	8
<b>Samtals</b>	<b>68</b>	<b>53</b>

Fjöldi verkefna sem unnið var að árið 2008.

## Úr landgræðslustarfinu



Þau veittu verðlaununum viðtöku f.h. Landgræðslunnar, f.v. Sveinn Runólfsson, Aðalbjörg Ásgeirsdóttir, Kjartan Benediktsson og Guðmundur Guðmundsson.

### Landgræðslan fær umhverfisverðlaun

Stofnunin hlaut viðurkenningu Sambands sunnlenskra kvenna fyrir fallega aðkomu, ræktarlegan gróður og snyrtimennsku í hvívetna við höfuðstöðvarnar í Gunnarsholti.

Samband sunnlenskra kvenna veitir árlega umhverfisviðurkenningu af ýmsu tagi úr Minningarsjóði Rögnu Sigurðardóttur frá Kjarri. Sambandið veitti fjórum öðrum aðilum verðlaun að þessu sinni fyrir snyrtilegt umhverfi opinberra stofnana í Árnes- og Rangárvallasýslu.

### Landgræðsludagur landgræðslufélaganna

Að þessu sinni bauð Landgræðslufélag Héraðsbúa til landgræðsludags 21. ágúst í samstarfi við Landgræðsluna. Fjöldmenni tók þátt í atburðinum. Ekið var um Hérað og landgræðslusvæði félagsins skoðuð. Áð var í Sænautaseli, þar sem gestir nutu veitinga í boði landgræðslufélagsins. Um kvöldið var samkoma á Eiðum og buðu heimamenn upp á fjölbreytta hátíðardagskrá.



Áð í Sænautaseli. JRB.

Fræðiflun Landgræðslunnar						
Ár	2004	2005	2006	2007	2008	
<b>Melgresi</b>						
Eigin framleiðsla	2.865	4.620	9.090	12.937	16.309	
Frá bændum	5.560	1.940	5.300	2.200	2.000	
<b>Melgresi alls</b>	<b>8.425</b>	<b>6.560</b>	<b>14.390</b>	<b>15.137</b>	<b>18.309</b>	
<b>Alaskalúpína</b>						
Eigin framleiðsla	5.070	525	440	7.215	0	
Frá bændum	5.200	0	0	0	0	
<b>Alaskalúpína alls</b>	<b>10.270</b>	<b>525</b>	<b>440</b>	<b>7.215</b>	<b>0</b>	
<b>Beringspunktur</b>						
Túnvingull (F. rubra)	3.610	9.030	1.400	0	0	
Íslenskur túnvingull	6.500	95	400	4.969	6.716	
<b>Innflutningur</b>						
Túnvingull	11.600	0	10000	500	1.000	
Vallarsveifgras	7.000	2000	5000	4.000	2.500	
Hvítsmári	100	0				
Sauðvingull		1500				
<b>Heildarmagn</b>	<b>57.010</b>	<b>27.385</b>	<b>48.621</b>	<b>45.403</b>	<b>30.316</b>	

Áburðarnotkun Landgræðslunnar	Áburði dreift, tonn		Vinnslusvæði, ha	
	2007	2008	2007	2008
Landbótasjóður	914	559	4.570	2.795
Bændur græða landið	1.251	1.246	6.255	6.230
Landgræðslan	1.287	1.086	6.435	5.430
<b>Samtals</b>	<b>3.452</b>	<b>2.891</b>	<b>17.260</b>	<b>14.455</b>

Áætlun m.v. dreift magn og áburðarnotkun 200 kg/ha.



Gestir landgræðsludagsins á Héraði í landgræðslugirðingu Landgræðslufélags Héraðsbúa. JRB.



## Landgræðsluskólinn

Landgræðsluskólinn (Land Restoration Training Programme) var starfræktur í annað sinn í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Skólinn starfaði í sex mánuði. Nemendur voru sex talsins frá Mongólíu (1), Namibíu (3) og Úganda (2).

Nemendurnir starfa allir við landgræðslutengd mál í sínum heimalöndum, við rannsóknir og ráðgjöf. Hluti af starfsþjálfun þeirra hér á landi var að vinna að ítarlegu verkefni sem tengdist náminu og/eða starfsumhverfi þeirra heima fyrir.

## Ný vefsíða Landgræðslunnar

Landgræðslan tók nýja vefsíðu í notkun á árinu. Hún var opnuð af Sveini Runólfsyni, landgræðslustjóra, á litlu jólum starfsmanna.

Það er stefna Landgræðslunnar að vefurinn verði alhliða upplýsingaveita um allt sem við kemur landgræðslu og þar með starfsemi Landgræðslunnar.

Vefurinn er gerður í vefumsjónarkerfinu Joomla, sem er frjálst og opinn hugbúnaður. Er það í samræmi við stefnu stjórnvalda, sem samþykkt var á árinu „að gefa frjálsum hugbúnaði sömu tækifæri og séreignarhugbúnaði þegar tekin er ákvörðun um kaup á nýjum búnaði og ávallt skal leitast við að gera sem hagstæðust innkaup“.



Nemendur og forsvarsmenn Landgræðsluskólans. JRB.

## Úthlutun úr Landbótasjóði

Alls var 26 millj. kr. úthlutað úr Landbótasjóði til 60 umsækjenda. Sótt var um framlög til margvíslegra verkefna. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Landgræðslunnar, land.is.

## Landgræðsluverðlaun 2008

Landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar voru afhent við hátíðlega athöfn á landgræðsludegi Landgræðslufélags Héraðs-

búa á Eiðum, fimmtudaginn 21. ágúst. Að þessu sinni voru þrír aðilar verðlaunaðir: Hjónin Vernharður Vilhjálmsson og Anna Birna Snæpórsdóttir, bændur í Möðrudal á Fjöllum, fyrir framúrskarandi störf á sviði landgræðslu, Örn Þorleifsson í Húsey, fyrir brautryðjendastarf við kennslu barna og unglinga á sviði landgræðslu og Ölver Guðnason á Eskifirði fyrir störf hans að skógrækt á Eskifirði.

Frá afhendingu landgræðsluverðlauna Landgræðslunnar árið 2008. F.v. Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri, sem afhenti landgræðsluverðlaunin í fjarveru umhverfisráðherra, Anna Birna Snæpórsdóttir, Vernharður Vilhjálmsson, Laufey Ólafsdóttir, Örn Þorleifsson, Helga Þórðardóttir, sem tók við verðlaununum í fjarveru Ölvers Guðnasonar og Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri. JRB.



## Landgræðslufélögin

### Landgræðslufélögin

Landgræðslufélag Biskupstungna.  
Formaður: Þorfinnur Þórarinsson.

Landgræðslufélag Skaftárhrepps.  
Formaður: Sólrún Ólafsdóttir.

Landgræðslufélag Öræfinga.  
Formaður: Örn Bergsson.

Landgræðslufélagið við Skarðsheiði.  
Formaður: Baldvin Björnsson.

Landgræðslufélag Svalbarðshrepps.  
Formaður: Ragnar M. Sigfússon.

Landgræðslufélag Reykjahlíðar.  
Formaður: Ólafur H. Jónsson.

Landgræðslufélag Eyrarsveitar.  
Formaður: Hallur Pálsson.

Landgræðslufélag Öxfirðinga.  
Formaður: Gunnar Björnsson.

Skógræktar- og landgræðslufélag  
undir Jökli.  
Formaður: Skúli Alexandersson.

Húsgull, Húsavík.  
Formaður: Sigurjón Benediktsson.

Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs.  
Formaður: Ólafur Örn Haraldsson.

Upprekstrar- og landbótafélag  
Vopnfirðinga.  
Formaður: Borgar Páll Bragason.

Landgræðslufélag Héraðsbúa.  
Formaður: Björn Hallur Gunnarsson.

Landgræðslufélag Hrunamanna.  
Formaður: Svanhildur H. Péturs-  
dóttir.

Landbót, landgræðslu- og skóg-  
ræktarfélag Vopnafjarðar var lagt  
niður á árinu.

## Hugmyndasamkeppni Landgræðslunnar



1. verðlaun: Harpa Ósk Lárusdóttir, 8. bekk, í Grunnskóla Húnaþings vestra teiknaði þessa mynd. Hún segir: „Gróði. Hugmyndin að þessari figúru er að hún sé að sýna hvað Ísland gæti verið gróðurmikið og laust við rusl.“



1. verðlaun: Herdís Linda Halldórsdóttir, 5. bekk, í Grunnskóla Húnaþings vestra teiknaði þessa mynd af Ragga blómálfi. Hann býr ásamt vinum sínum í Sóllandi. Þar er allt úti í gróðri segir hún. Hún teiknaði líka vini Ragga og segir: „Björn býfluga, Ólöf Sóley og Biggi tré eru vinir Ragga og búa öll í Sóllandi og þar er allt úti í gróðri. Þar býr fullt af dýrum, álfum og plöntum...“

### Hugmyndasamkeppni

Landgræðslan efndi til hugmyndasamkeppni meðal leik- og grunnskólabarna um „figúru“, sem gæti tekið þátt í miðlun fræðsluefnis. Hún átti að vera í manns-, dýra- eða jurtamynd og hafa heiti.

Alls bárust um 470 listaverk frá 18 skólum. Þrenn verðlaun voru veitt:

Fyrstu verðlaun hlaut Grunnskóli Húnaþings vestra á Hvammstanga og Laugabakka. Það voru myndir Hörpu Ósk Lárusdóttur og Herðisar Lindu Halldórsdóttur sem unnu til verðlaunanna. Önnur verðlaun hlaut Hrafnagilsskóli í Eyjafirði fyrir myndir teiknaðar af Ingibjörgu Rún Jóhannesdóttur og Indíönu Líf Ingvadóttur.

Þriðju verðlaun gengu til Laugalandsskóla í Holtum fyrir framlag 1. og 2. bekkjar.

Verðlaunin voru birkitré ásamt viðurkenningskjöllum.



2. verðlaun voru veitt fyrir Lóu lambgras (efri mynd) og Dúdda diskótré.

## Stefna Landgræðslu ríkisins 2008 - 2020



### Hlutverk og stefna Landgræðslu ríkisins

Landgræðsla ríkisins er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.

Hlutverk Landgræðslu ríkisins eru:

- **Sandgræðsla**, sem er hefting jarðvegsrofs og sandfoks, græðsla gróðurlausra og gróðurlitilla landsvæða.
- **Gróðurvernd**, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafli lands gegn eyðingu.
- **Gróðureftirlit**, þar sem fylgst er með nýtingu gróðurs og unnið gegn spjöllum á gróðurlendum.
- **Varnir gegn landbroti** af völdum fallvatna, sem ógna eða valda tjóni á landi eða mannvirkjum.

Nánar um stefnu Landgræðslunnar á [www.land.is](http://www.land.is)



## Rannsóknir

Innan Langræðslunnar er unnið að margvíslegum rannsókn- og þróunarverkefnum, ýmist eingöngu á vegum stofnunarinnar eða í samstarfi við aðrar rannsóknarstofnanir. Árið 2008 stóð Langræðslan fyrir eða tengdist eftirtöldum verkefnum:

Erfðabreytileiki lúpínu

Fokgjörðingar

Gróðurframvinda í Eldhrauni

Gróðurstyrking - Hálslón

Innlendar víðitegundir

Kolefnisbinding með landgræðslu

Nýting innlendra belgjurta til landgræðslu

Uppgræðsla flagmóa

Uppgræðsla námasvæða

Vistland (framvindurannsóknir)

Kolbjörk

Skógvist

### Kolefnismælingar í jarðvegi og gróðri á uppgræðslusvæðum

Haldið var áfram að safna jarðvegs- og gróðursýnum til að mæla kolefnisbindingu á uppgræðslusvæðum víðsvegar um landið. Eftir töluverða undirbúningsvinnu, svo sem við að setja út rannsóknarreiti og koma upp viðeigandi rannsóknarbúnaði, var hafist handa við sýnatökur á vettvangi. Sú vinna hófst um miðjan júlí, eða þegar uppskera gróðurs var farin að nálgast hámark, og lauk um miðjan september. Alls störfuðu 15 manns við vettvangsvinnuna, um lengri eða skemmri tíma. Úrvinnsla sýnanna fór fram á rannsóknarstofu Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Nú er búið að safna sýnum frá um 300 mælireitum en gert er ráð fyrir 800-1000 mælireitum innan kolefnisnetsins.

Skiptast á skín og skúrir í rannsóknum. Efsta myndin er tekin í Skógey í Hornafirði. Mynd AB. Hinar tvær eru teknar á Helluvaðssandi í blíðviðri með Heklu í baksýn. Myndir JRB.



## Starfsfólk Landgræðslunnar

Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Aðstoðarmaður við staðarumsjón	Jóhann Bjarnason	Vélamaður
Andrés Arnalds	Fagmálastjóri	Jóhann Thorarensen	Sérfræðingur
Anna María Ágústsdóttir	Sérfræðingur	Jóhannes Baldvin Jónsson	Sérfræðingur
Anne Bau	Sérfræðingur	Jón Aron Óskarsson	Verkamaður
Arna Björk Þorsteinsdóttir	Sviðsstjóri Landupplýsingasviðs	Jón Árni Jóhannesson	Matráður
Arngrímur Jón Sigurðsson	Aðstoðarmaður í mótuneyti	Jón Ingi Baldvinsson	Smiður
Ágústa Helgadóttir	Aðstoðarmaður við rannsóknir	Jón Ragnar Björnsson	Fræðslufulltrúi
Árni Eiríksson	Vélamaður	Jón Ragnar Örlygsson	Sérfræðingur
Ásta Eypórsdóttir	Aðstoðarmaður við rannsóknir	Jóna María Eiríksdóttir	Starfsmannastjóri
Baldur Þór Sigurðsson	Verkstæðisformaður	Jónella Sigurjónsdóttir	Skjalastjóri
Birkir Snær Fannarsson	Lögfræðingur	Kári Úlfsson	Verkamaður
Bjarni Arnþórsson	Vélamaður	Kjartan Már Benediktsson	Umsjónamaður
Bjarni P. Maronsson	Héraðsfulltrúi Hólum	Kristinn G. Garðarsson	Aðstoðarstöðvarstjóri
Björk Harðardóttir	Sérfræðingur Hvanneyri	Kristín Gunnarsdóttir	Launafulltrúi
Björn Bjarnarson	Bifreiðastjóri	Kristín Svavarsdóttir	Sérfræðingur
Daði Lange Friðriksson	Sérfræðingur	Kristján Pálmi Ásmundsson	Verkamaður
Einar Bjarnason	Girðingamaður	Magnús H. Jóhannsson	Sérfræðingur
Eiríkur Steinn Kristjánsson	Vélamaður	Magnús Þór Einarsson	Aðstoðarmaður við rannsóknir
Elín Fjöla Þórarinsdóttir	Sérfræðingur	Nói Sigurðsson	Umsjónamaður fasteigna
Elín Jónsdóttir	Ræstitækni	Óðinn Burkni Helgason	Kerfisstjóri
Friðrik Lange Jóhannesson	Girðingamaður	Ólafur Á. Sveinbjarnarson	Verkamaður
Garðar Þorfinnsson	Héraðsfulltrúi Gunnarsholti	Ragna B. Aðalbjörnsdóttir	Afleysing í mótuneyti
Georg Heiðar Ólafsson	Verkamaður	Reynir Þorsteinsson	Stöðvarstjóri
Guðjón Magnússon	Sviðsstjóri Almannatenglasviðs	Samuel Robert Webb	Kerfisfræðingur
Guðmundur Guðmundsson	Sviðsstjóri Rekstrarsviðs	Sigurður Ágústsson	Girðingamaður
Guðmundur Halldórsson	Sviðsstjóri Rannsóknasviðs	Sigurður Orri Baldursson	Verkamaður
Guðmundur I. Guðbrandss.	Sérfræðingur	Sigurður Óskarsson	Húsvörður
Guðmundur Stefánsson	Sviðsstjóri Landverndarsviðs	Sigurður Sigmundsson	Vélamaður
Guðmundur P. Steinarsson	Vélamaður	Sigurlína Tryggvadóttir	Sérfræðingur
Guðný H. Indriðadóttir	Sérfræðingur	Sigprúður Jónsdóttir	Sérfræðingur
Guðrún Schmidt	Héraðsfulltrúi Egilsstöðum	Sólveig Sigurðardóttir	Ræstitækni
Guðrún Stefánsdóttir	Sérfræðingur	Stefán Skaftason	Héraðsfulltrúi Húsavík
Gunnar G. Logason	Verkamaður	Steinunn Skúladóttir	Aðstoðarmaður
Gústav M. Ásbjörnsson	Héraðsfulltrúi Gunnarsholti	Sveinn Runólfsson	Landgræðslustjóri
Gylfi Júlíusson	Fyrirhleðslur	Sveinn Þórarinsson	Landgræðsluvörður
Halldór Árni Pálsson	Verkamaður	Sveinn V. Þorsteinsson	Girðingamaður
Halldóra Sigmundsdóttir	Matráður	Sæmundur Sveinsson	Sérfræðingur
Hallur Karl Hinriksson	Verkamaður	Þorlákur P. Jónsson	Vélamaður
Helgi Þorsteinsson	Girðingamaður	Þorsteinn Guðjónsson	Vélamaður
Hjörtur Guðjónsson	Vélamaður	Þórbjörg Árný Oddsdóttir	Afleysingar þrif
Hlín Magnúsdóttir	Aðstoðarmaður í mótuneyti	Þórunn Pétursdóttir	Héraðsfulltrúi Hvanneyri
Hulda Karlsdóttir	Fjármálastjóri	Þórunn Ragnarsdóttir	Þjónustufulltrúi
Ívar K. Gylfason	Verkamaður	Þrúðmar Sigurðsson	Landgræðsluvörður
Ívar Örn Baldursson	Verkamaður		